

Nd.

### 304. Nefndarálit

meiri hlutans í málinu: Frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Vér undirritaðir nefndarmenn höfum eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum vorum um þetta mál.

Baráttan gegn áfengisbólinu hefir nú verið háð með þjóð vorri um síðastliðna hálfu öld, eður meir, en þó eigi með fullu fylgi nema síðasta aldarfjórðung, eftir það er málið komst í hendur Good-Templarreglunni. Í höndum hennar hefir málinu þokað fram með sívaxandi hraða frá örlitilli byrjun. Ávöxturinn af starfinu er sá, að stórmikill meiri hluti þjóðarinnar hefir gersamlega horfið frá áfengisátrúnaðinum og sannfærst um, að áfengið er ekkert annað en eitur, er að eins á að vera til í lyfjabúðum, sem önnur eiturefni; en hvar sem það er notað til drykkjar, sé það skaðlegt lífi og heilsu manna. Reyndin hefir og um allar aldir að undanfögnu í sögu mannkynsins verið sú, að bólið, sem áfengisnautuin hefir valdið, hefir verið eitt allra sárasta og átakanlegasta mein einstaklinga og þjóða, stórvirkara en jafnvel drepsóttir og styrjaldir. Ávextirnir hafa jafnan verið: heilsutjón, eignatjón, stórbilun á síðferðislegu þreki mannsins, ásamt mörgu öðru sem óþarft er hér að telja. Læknar vorir, ekki sist þeir, er framarlega standa í sinni ment, staðfesta þennan vitnisburð um áhrif áfengisins ótvíræðlega. Svo er og um allan hinn mentaða heim.

Hvilikur gróði væri það þá eigi á allan hátt fyrir oss og niðja vora að losna við þennan þjóðaróvin, áfengið. Hvilikur sómi þjóð vorri að verða þar á undan flestum öðrum þjóðum. Og það vill svo vel til að lega lands vors er oss í því efni til stórhagræðis.

Vér hikum ekki við, að ráða alþingi voru Íslendinga til að nota nú færið til þess að samþykkja alger bannlög gegn innflutningi áfengis, og erum þess fulltrúa að þjóðinni muni margfaldlega bætaskt vintollmissirinn, ekki í eina átt, heldur í margar áttir.

Vér færum þetta fram, ekki að eins í voru eigin nafni, heldur þjóðarinnar. Sé hægt að segja um nokkurt mál, að það hafi verið rækilega undirbúið, þá er það þetta mál. Sé hægt að segja í nokkru máli: »Þjóðin vill það«, þá er það í þessu máli. Í þessu efni skírskotum vér til hinnar almennu atkvæðagreiðslu um málið 10. sept. síðastl., þar sem 60 af hverjum 100 kjósendum, er atkvæði greiddu, tjáðu sig fylgjandi áfengisbannlögum. En við þessa tölu bannvina má bæta hinum fjölmenna skara íslenzkra kvenna, sem í þessu máli, sem mörgum öðrum, eru næmar á þjóðarsómann. Einn má benda á æskulyð vörn, sveina jafnt og meyjar, er áreiðanlega, að stórmiklum hluta, fylgja af alúð þessu máli.

Í stuttu máli: áfengis-bannlög fela í sér ekkert annað en réttmæta sjálfs-  
vörn gegn þjóðspillingu, og eru því þjóðarsómi og þjóðarnauðsyn.

Af því sem nú hefir verið tekið fram, má öllum vera ljóst, að vér föll-  
umst í öllum aðalatriðum á frumvarp það um aðflutningsbann á áfengi, er hér  
er til meðferðar. Hins vegar höfum vér þó talið rétt, að gera við það allmargar  
breytingar. Sumar þeirra eru aðallega orðabreytingar eða miða að því að skýra  
ýms ákvæði frumvarpsins. Aðrar eru efnisbreytingar, er miða að því, að gera  
ýms ákvæði frumvarpsins sanngjarnari, og koma meiru samræmi á þau.

Skal svo nánari grein gerð fyrir aðalbreytingunum, svo sem hér segir:

1. breytingin við 2. gr. er að nokkru leyti efnisbreyting, nauðsynleg til  
tryggingar því, að vinandi, ætlaður til iðnaðarfyrirtækja eða efnarannsókna verði  
ekki notaður til drykkjar.

2. efnisbreytingin við sömu grein miðar til þess að gera smáskamtalækni-  
um mögulegt að halda lækningum áfram.

Nefndin ræður enn fremur til þess, að upp verði tekinn sá siður, að hafa  
óáfengt vin við altarisgöngur, og er henni kunnugt, að biskup landsins er því  
hlyntur.

3. og 4. breyting við 4. gr. þykja mannúðlegri og frjálslægri gagnvart  
þeim, er áfengi hefir pantað.

Þar sem stungið er upp á því í 6. gr., að »hreppstjóri í forföllum lög-  
reglustjóra« komi í staðinn fyrir »strandgæzlumaður«, þá er það sprottið af því  
að strandgæzlu á yfirleitt hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra að hafa á hendi.

Enn fremur hefir nefndin talið nauðsynlegt, að bæta einum lið inn í grein-  
ina, er taki fram, hversu að skuli fara, er um skipsforða er að ræða og skips-  
eigandi er erlendis.

Fyrri liður 8. greinar miðar að því að gera óheimild þess að veita, gefa,  
selja eða láta á annan hátt af hendi áfengi, almenna og ótvíræða.

Síðari liður sömu greinar er svo orðaður eftir samráði við landlækni, og  
miðar breytingin til þess, að gera alþýðu manna léttara og kostnaðarminna að  
ná í ýms nauðsynleg húsméðul, er í er meira af vinanda en  $2\frac{1}{4}\%$ .

Fyrri breytingin við 9. gr. er mannúðlegri og frjálslægri en ákvæði frum-  
varpsins.

Síðari breytingin við sömu grein tryggir það, að vinveitingamenn og vin-  
salar yfir höfuð fái bættan skaða þann, er þeir annars kynnu að verða fyrir, er  
lögin kæmu til framkvæmdar.

Við 10. gr. þótti rétt að setja ákvæði í þá átt, að sá, er áfengi fyndist  
há og ekki gæti eða vildi sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum hefði komið  
áfengi, skyldi teljast sekur, svo sem hann hefði brotið gegn 1. gr.

Að öðrum kosti er ekki annað sýnna en að slík rannsókn, er um ræðir,  
yrði einatt árangurslital eða árangurslaus.

Annar liður 12. greinar virðist vera óþarfur, með því líkt ákvæði finst í  
almennum hegningarlögum.

Með breytingunni í 13. gr. vill nefndin meðal annars tryggja það, að ölvaður maður sé ekki leiddur fyrir dómara, og jafnframt hitt, að hann sæti sjálfur ábyrgð, nema skýrsla hans leiði til þess, að upp komi, hver seldi honum eða veitti. Að öðrum kosti yrði rannsókn um þetta efni einatt árangurslaus með öllu.

Með breytingunum á 14. gr. eru sektarákvæðin færð stórkostlega niður, og hlýtur það að gera frumvarpið miklu aðgengilegra. Sama er að segja um niðurfærslu sekta annarstaðar eða í 15. gr.

Við 15. gr. þykir oss nauðsynlegt, að orðið »visvitandi« falli burt. Ástæðan er sú, að skipstjóri, sem síðar reyndist hafa gefið ranga skýrslu, gæti þótt sekur væri í raun rétttri um visvitandi brot, skotið sér undan sektum, með því að halda því fast fram, að hann hafi ekki vitað betur.

Orsökina til þess, að nefndin leggur til að 18. gr. falli burt, er sú, að fyrri liður hennar er beint vanhugsaður, og síðari liðurinn óþarfur, vegna ákvæða almennra hegningarlaga.

Nefndinni þykir hæfilegt að láta  $\frac{1}{5}$  hluta sekta renna til uppljóstanda. Mundi það ákvæði gefa talaverða tryggingu fyrir því, að brot komust upp, án þess þó að freista manna til að gera sér atvinnu af því, að ljésta upp brotum.

Ákvæði 19. greinar eru sambljóða við ákvæði ýmissa annara laga.

21. gr. hefir sams konar ákvæði og eru í lögum 11. nóv. 1899, nr. 26.

Í 22. gr., sem verður 23. gr., leggur nefndin til að í stað orðanna »öðlast gildi« komi: »koma til framkvæmdar«. Það er ljóst, að þessi lög sem önnur öðlast gildi, þegar konungur hefir staðfest þau og birtingarfrestur er liðinn.

En hins vegar er ætlast til, að þau komi ekki til framkvæmda fyr en 1. jan. 1912, og er sá frestur þó lengri en mikill hluti þjóðarinnar mundi vel við una.

Með þessum breytingum ræður meiri hlutinn deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild alþingis 15. marz 1909.

Björn Jónsson,  
form.

Sigurður Gunnarsson,  
skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Björn Kristjánsson.

Hinir 3 nefndarmennirnir munu gera grein fyrir sinu ágreiningsatkv. síðar.